

# Skráning á hljóðritaðri tónlist – gátlisti

## Inngangur

Að mestu gilda sömu reglur um skráningu á klassískri tónlist og popptónlist. Val á aðalhöfði er þó mismunandi.

Klassísk tónlist er skráð á tónskáld eða flytjanda.

Algengast er að skrá popptónlist á flytjanda (einstakling eða hljómsveit). Fyrir kemur að popptónlist er skráð á tónskáld ef eitt tónskáld hefur samið öll lög á disk og flytjendur eru margir (fleiri en þrír). Þegar um hljómsveit er að ræða er hún valin sem aðalhöfuð. Það á líka við þó einn aðili hafi samið öll lögin. Þá er lagahöfundur talinn upp í athugasemdasviði og gerð á hann aukafærsla.

Vinnuhópur um tónlistarskráningu mælist til þess að safnkassar séu skráðir í eina færslu. Með því móti er útlánasöfnum gert kleift að ákveða hvert fyrir sig hvort safnkassinn sé lánaður út í heilu lagi eða hvort diskunum sé skipt niður á nokkur eintök. Dæmi um slíka safnkassa er heildarútgáfa af verkum Bergþóru Árnadóttur. Þetta á við hvort sem um frumútgáfur eða endurútgáfur er að ræða.

Aftur á móti gilda aðrar reglur ef diskur er gefinn út annars vegar einn og sér og hins vegar CD+DVD. Í slíkum tilvikum á að skrá þessar útgáfur í tvær mismunandi færslur, jafnvel þótt hljómdiskurinn sé nákvæmlega eins í báðum útgáfum.

Sé erlent tónverk þekkt undir íslensku heiti og íslenska heitið birtist ekki á safngagninu, má samt sem áður setja það í svið 740. Þá þarf hins vegar að gera athugasemd í svið 500 (t.d. „Die Zauberflöte er þekkt undir íslenska heitinu Töfraflautan“)

**FMT = MU**

## LEADER

Sæti 05 : record status = n (new)  
= c (corrected or revised) þegar við á  
Kemur gjarnan í sóttum færslum og er þá látið standa  
Sæti 06 : type of record = j (musical sound recording) hljóðrit, tónar  
Sæti 07 : bibliographic level = m (monograph/item) oftast  
Sæti 18 : descript. cataloging form = a (AACR2)

## 007

Endurtekið fyrir mismunandi ytra efnisform

Tegund formats = sound recording

Sæti 00 : category of material = s (sound recording)

Sæti 01 : material designation = d (sound disk) fyrir geisladiska  
= s (sound cassette) fyrir snældur  
= z (other) fyrir hljómplötur

## 008

Sæti 06 : type of date = s (eitt ártal)

= r (ártal endurútgáfu)

Sæti 18-19 : form of composition = kóði úr lista í handbók skrásetjara (ekki MARC-kóðalisti)

Sæti 20 : format of music = | (no attempt to code)

Sæti 35-37 : language = kóði úr tungumálalista, tungumál á disk, ekki umbúðum  
= ||| (no attempt to code) ef ekkert tungumál er á hljóðritinu eða tungumál óþekkt

Um önnur sæti í 008, sjá handbók skrásetjara (008 – Hljóðrituð tónlist)

**028 00 – Útgáfunúmer** (Publisher number) í sóttum færslum þarft að breyta vísun í 00 til að útgáfunúmer birtist

\$a = útgáfunúmer

\$b = útgefandi (Ekki skylda að nota við frumskráningu, kemur í sóttum færslum og er þá látið standa)

*028 00 \$\$aSCD395 (CD)*

*028 00 \$\$asmá 202 (snælda)*

*028 00 \$\$aSTLP 085 (LP)*

## 039 – Kóðar v/Íslenskrar útgáfuskrár

Ath. að óútgefið efni er ekki kóðað hér.

\$c = 1 (gefið út á Íslandi / gefið út erlendis og varðar Ísland eða Íslendinga)

\$f = ix (gefið út erlendis, varðar Ísland eða Íslendinga)

\$f er endurtekið ef sérefniskóða hefur verið úthlutað (ekki má eyða \$f)

## 040 – Uppruni skráningarfærslu

Venjuleg notkun safnkóða

**048 – Hljóðfæri og raddir / hljóðfæraskipan** (Form of musical composition)

\$a = kóði samkvæmt lista í handbók skrásetjara (ekki MARC-kóðalisti)

Ath. hér á einungis að nota deilisvið a

## 082 – Dewey flokkstala

Fyrri vísir

0 = flokkað samkvæmt óstyttri útgáfu flokkunarkerfisins

1 = flokkað samkvæmt styttri útgáfu flokkunarkerfisins

Síðari vísir

4 = notað í Gegni – flokkstala ekki gefin í Library of Congress

## 100 - Höfundur

Ath. að skoða höfðalista = F3

## 110 - Hljómsveit

Ath. að skoða höfðalista = F3

Fyrir aftan nafn hljómsveitar má setja í sviga (hljómsveit) eða aðra útskýringu, sé nafnið ekki lýsandi

## 245 – Titill og ábyrgðaraðild

Ath. að formgreiningin  $\$h[hljóðrit]$  kemur á eftir aðaltitli. Skrásetjari þarf að setja greinarmerki handvirkt.

Ábyrgðaraðilar eru greindir í eftirfarandi röð eftir því sem tilefni er til (á fyrst og fremst við um klassíska tónlist): Höfundur tónlistar, texta, útsetningar/raddsetningar, flytjandi, stjórnandi

*245 00  $\$a100$  íslenskar ballöður $\$h[hljóðrit]$  :  $\$b100$  íslenskar ballöður á 5 geislaplötum / $\$c$ flytjendur Björgvin Halldórsson ... [et al.]*

*245 00  $\$a$ Gilligill $\$h[hljóðrit]$  / $\$c$ Bragi Valdimar Skúlason og Memfismafían*

*245 10  $\$a$ Springtime in Fünen $\$h[hljóðrit]$  =  $\$b$ Fynsk forår : Aladdin suite : Three motets / $\$c$ Nielsen ; [stjórnandi] Tamás Vetö*

## 250 - Útgáfa

## 260 – Prentsögn

## 300 - Umfang

*300 ##  $\$a1$  geisladiskur (CD) +  $\$b$ bæklingur*

*300 ##  $\$a1$  geisladiskur (tvídiskur) (52.27 mín.) ;  $\$c12$  sm +  $\$b$ bæklingur ([6] s. : myndir)*

*300 ##  $\$a2$  geisladiskar (CD) (59.49 ; 12.88) ;  $\$c12$  sm +  $\$e1$  mynddiskur (DVD) + 1 bæklingur með textum ([14] s. : myndir)*

## 500 – Athugasemd

Almennar athugasemdir, einnig athugasemdir um upptökur. Notið 534 fyrir athugasemd um fyrri útgáfu.

*500 ##  $\$a$ Hljóðritað í Ríkisútvarpinu 1969*

## 505 – Efnistal

Tvö bandstrik milli atriða.

Undantekning er ef ábyrgðaraðild er greind, þá má safna nokkrum titlum saman undir eina ábyrgðaraðild.

Ef það er gert, þá eru titlar með sömu ábyrgðaraðild aðgreindir með semikommu.

Sjá dæmi á <http://hask.landsbokasafn.is>

## 511 – Flytjendur

Fyrri vísir

0 Skrásetjari setur inngangsorð

1 Fyrirsögnin „Leikarar/Flytjendur“ birtist á [gegnir.is](http://gegnir.is)

## 525 – Athugasemd um fylgigögn (t.d. mynddiskar DVD)

## 534 – Upprunaleg útgáfa

534 ## \$\$pLögin komu áður út á árunum 1982-1984

## 586 – Verðlaun / viðurkenningar

## 650 #4 – Efnisorð

## 700 – Aukafærsla á ábyrgðaraðila

Notað eftir því sem fram kemur í lýsingu og þörfum hverju sinni.

(Í sóttum færslum eru oft deilisvið t, m, n, p o.fl. – þessi svið mega standa áfram)

## 710 – Aukafærsla á hljómsveit

Ath. að skoða höfðalista = F3

Fyrir aftan nafn hljómsveitar má setja í sviga (hljómsveit) eða aðra útskýringu, sé nafnið ekki lýsandi

## 740 – Aukafærsla á titil

Notað eftir þörfum, formgreining \$h[hljóðrit]

Hér má setja inn titil verks eins og hann birtist í Grove music, án þess að setja athugasemd í 500

Hér má setja inn íslenskan titil sem verk er þekkt undir, jafnframt þarf að setja athugasemd í 500

---

Skjal þetta er unnið af vinnuhópi um tónlistarskráningu. Hópin skiptuðu:

Ásdís Huld Helgadóttir

Margrét Guðjónsdóttir

Sigríður Bjarnadóttir

Sigrún Sveinsdóttir

Þorsteinn Gunnar Jónsson

Endurskoðað:  
Sigríður Bjarnadóttir  
Hrafnhildur Steinarsdóttir  
Ásdís Huld Helgadóttir  
Jóhanna Margrét Diðriksdóttir  
Ragna Guðmundsdóttir  
Þorsteinn G. Jónsson